



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 17. september 2021
SFS2021080053
HG/sp/sv

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um framtíð skólamála í Laugardal og Laugarneshverfi

Á fundi borgarráðs, 22. júlí 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins telur framtíð skólamála í Laugardal og Laugarneshverfi óljósa. Fulltrúi Flokks fólksins hefur rætt við íbúa og einstaka starfsmenn skólanna í hverfinu um framtíð skólamála í ljósi þess að næstu ár verður byggt mikið á svæðinu. Skólarnir eru hins vegar sprungnir. Til að „redda“ málum á að stilla upp kennslugámum í hvert horn. Ekkert annað er á teikniborðinu eða fast í hendi þegar kemur að uppbyggingu leik- og grunnskóla. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir ítarlegum upplýsingum um hvað til stendur að gera til lengri tíma eða hvort senda eigi börnin þegar fram líða stundir í skóla utan hverfis, eða halda áfram að planta kennslugámum á auða bletti í kringum skólanna? Það er óspennandi hugsun að hver skóli í Reykjavík verði sem bútasaurur í stað þess að byggja almennilegar, fallegar skólabyggingar sem falla vel að umhverfi og öðru skipulagi hverfisins.

Svar:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 26. janúar 2021 var samþykkt að setja af stað starfshóp sem hefði það hlutverk að rýna stöðuna í Laugarnes- og Langholtshverfi með tilliti til úrbóta í húsnæðismálum grunnskóla og frístundastarfs og koma með tillögur um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í hverfinu. Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Laugarnesskóla, Laugarlækjarskóla og Langholtsskóla. Þegar hefur farið fram töluverð rýni á húsnæði Laugarnesskóla og Langholtsskóla. Starfshópin skipaðu:

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjórar á SFS
Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri
Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla
Jón Páll Haraldsson, skólastjóri Laugalækjarskóla
Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri frumathugana mannvirkjadeildar USK
Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri Lauganesskóla
Soffía Pálsdóttir skrifstofustjóri, frístundamála SFS
Soffía Vagnsdóttir skrifstofustjóri, grunnskólamála SFS

Til ráðgjafar við hópinn var Anna Kristín Sigurðardóttir prófessor við menntavísindasvið HÍ.

Starfshópurinn skilaði tillögum af sér síðastliðið vor og unnið er að úrvinnslu þeirra sviðsmynda sem þar voru lagðar fram.